

# Meðferð í nýrnasteinbrjóti

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölmi er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum. Meðferðin er ekki ætluð ófrískum konum.

## Undirbúningur fyrir meðferð

- Hætta þarf tímanlega allri blóðþynningu í samráði við hjúkrunarfræðing.
- Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi (þarf ekki að vera tært) til miðnætis. Eftir miðnætti má einungis drekka tæra drykki þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Vegna áhrifa lyfja sem gefin eru í meðferðinni má ekki aka bíl fyrr en daginn eftir, því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir varðandi heimferð.
- Nota má síma og heyrnartól meðan á meðferð stendur.

## Meðferðardagur

Mæta á í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölmi á göngudeild þvafæra 11A á 1. hæð.

Skila þarf þvagsýni við komu á 11A áður en meðferð hefst til þess að útiloka þvafærasýkingu.

Meðferðin tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Verkjalyf er gefið í æð meðan á meðferð stendur. Sjúklingurinn leggst á sérstakan bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Einnig er gefinn vökvi í æð og fylgst með hjartslætti og súrefnismettun. Að lokinni meðferð fer sjúklingur heim.

## Útskrift

### Verkir

Nota má verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að taka verkjalyf og minnka magn vökva sem drukinn er því hann getur aukið verkina. Þegar verkur er liðinn hjá má drekka eins og áður.

### Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu dagana eftir meðferð, helst um tvo lítra á dag.

### Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga.

### Vinna

Ráðlagt er að hvílast meðferðardaginn.

### Ferðalög

Það getur tekið steininn daga eða jafnvel vikur að skila sér út og oft fylgja því verkir. Ekki er ráðlagt að ferðast erlendis fyrstu vikurnar eftir steinbrjótsmeðferð.

## Árangur

Tekin er tölvusneiðmynd nokkrum vikum eftir meðferðina til að meta árangur. Hjá tveimur af hverjum þremur ber meðferðin góðan árangur. Ef steinn eða steinar hafa ekki gengið niður, getur þurft að endurtaka meðferðina eða beita annarri meðferð.

## Fylgikvillar

Fylgikvillar eru sjaldgæfir en geta verið sárir verkir. Í einstaka tilfellum getur komið sýking, mar eða blæðing frá nýra.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Leita þarf á bráðamóttöku í Fossvogi ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir meðferð:**

- Hiti er hærri en 38,0°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga klukkan 08:00-16:00, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.